

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 6. mars 2017

Efni: Viðbótarumsögn um frumvarp til laga um Farþegaflutninga og farmflutninga lagt fyrir Alþingi á 146. löggjafarþingi 2016-2017. Þskj. 187 – 128. mál.

Sjálfstjórn Landssambands hreyfingamanna (Sjálfstjórn) hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp og hér að neðan eru athugasemdir sambandsins.

Athugasemdir við frumvarpið í heild

Tilurð þessa frumvarp má rekja til ársins 2012 þegar drög um frumvarp til laga um fólksflutninga lágu fyrir. Í fyrsta sinn kemur fram frumvarp sem tekur á aðgengi að farþegaflutningum á landi með hóp eða áætlunarleiðum. Það er mat Sjálfstjórnar að eftir lestur á öðrum umsögnum við þetta frumvarp vanti ákveðna grundvallar hugsun í bæði frumvarpið og umgjörð þess svo og hvernig staðið skuli að þjónustu við fatlað fólk í tengslum við farþegaflutninga í landinu.

Fatlað fólk er ekki bundið við sín hjálpartæki en það notar þau. Þetta birtist svo í þeirri staðreynd að fatlað fólk er flutt sér þegar kemur að hópbifreiðum og leggja aðrir umsagnar aðilar mikla áherslu á að ekki megi takmarka hópbifreiðar við 8 farþega bíla og stærri. Þessi hugsun veldur því að nær allir meðalstórir og stórir hópfreiðabíla sem til eru í landinu eru óaðgengilegir, enda er litið svo á að aðeins sé hægt að flytja fatlað fólk sitjandi í sínum eigin hjólastólum. Það er grundvallar

misskilningur að fatlað fólk sem notast við hjólastóla verði að sitja í sínum hjólastólum alltaf á ferð í hvaða bifreið sem er. Margir fatlaðir einstaklingar í hjólastól geta með auðveldum hætti fært sig úr hjólastólnum og í sæti, þó að það eigi ekki við um alla.

Aðgengi að almenningssamgöngum.

Í drögum að nýrri framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks 2017-2021 segir:

A.5. Auknir möguleikar fatlaðs fólks til að nýta almenningssamgöngur.

Markmið: Að fatlað fólk eigi greiðari leið til þátttöku í daglegu lífi.

Lýsing: Aðgengi að biðskýlum og almenningsvögnum verði bætt. Á biðstöðvum sjáist skýrt hvenær næsta vagns er von. Í vögnum verði afmörkuð svæði fyrir hjólastóla. Fatlað fólk sem metið er í þörf fyrir akstursþjónustu fái kort sem gildir í almenningsvagna samhliða akstursþjónustunni. Ungir notendur akstursþjónustu njóti sömu afsláttarkjara og jafnaldrar þeirra. Áætlunarleiðir milli landshluta verði aðgengilegar fötluðu fólki með sama hætti og almenningssamgöngur innan sveitarfélaga.

Ábyrgð: Sveitarfélög og landshlutasamtök þeirra.

Dæmi um samstarfsaðila: Velferðarráðuneytið og Strætó b/s.

Tímabil: 2017–2021.

Kostnaður: Innan ramma.

Mælanlegt markmið: Hlutfall almenningsvagna með hjólastólaaðgengi.

Ekki fæst séð að á fyrrgreindu að mikill þrýstingur sé settur á samfélagið að auka aðgengi hjólastólanotenda að almenningssamgöngum.

Í stöðuskýrslu um eldri framkvæmdaáætlun sést þetta enn frekar en þar segir:

Staða og árangur

Spurningar voru sendar til Strætó til að afla upplýsinga um stöðuna og hvort eitthvað hafi áunnist á tímabilinu.

Spurningarnar voru:

- 1. Eru allar stofnleiðir aðgengilegar hreyfihömluðum?*
- 2. Hvert er hlutfall stofnleiða sem aðgengilegar eru hreyfihömluðum?*
- 3. Hefur verið gerð áætlun um að allar stofnleiðir verði aðgengilegar hreyfihömluðum?*
- 4. Hefur þjónusta Strætó bs um að vissar leiðir séu aðgengilegar hreyfihömluðum verið kynnt sérstaklega?*

Ekki eru allar stofnleiðir aðgengilegar hreyfihömluðum en ekki bærust upplýsingar um hlutfall stofnleiða sem aðgengilegar eru. Ekki kom fram hvort gerð hafi verið áætlun um að allar stofnleiðir verði aðgengilegar hreyfihömluðum en málið væri á forræði sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Spurningu þess efnis hvort þjónusta Strætó um að vissar leiðir séu aðgengilegar hreyfihömluðum hafi verið kynnt sérstaklega var svarað neitandi

Augljóst er að alltof mikil áhersla er lögð á að flytja fatlað fólk sér í ferðaþjónustu fatlaða, frekar en að gera almenningsvagna aðgengilega fyrir alla. Og ef almennissamgöngur eiga ekki að vera aðgengilegar fyrir fatlaða (sem er jú hluti af almenningi) fyrir hverja eru þá almengissamgöngur?!

Leiðir til úrbóta.

Gera þarf markvissa áætlun hvernig áætlanaleiðir, hvort sem er innan þéttbýlis eða utan, verði gerðar aðgengilegar fyrir alla, fatlaða sem ófatlaða. Ekki skiptir öllu máli hvaða tími verði tekin í það verkefni svo framarlega að hann sé ekki úr hófi fram. Í þessu sambandi hafa samtökin sett sig í samband við nokkra af stærstu rútbíla-fyrirtækjum í landinu. Eru þau tilbúin að taka þátt í því verkefni að gera hópferðabifreiðar aðgengilegar öllu og nefna í því sambandi að skynsamlegt væri að gera tilraun með eina leið utan þéttbýlis áður en lengra yrði haldið.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Um 1. gr. 18. Grein.

Nauðsynlegt er að bera 4. Málsgrein [*Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að synja farþega um bókun eða kaup á farmiða. eins og þar segir*] frumvarpsins saman við þá reglugerð sem vísað er í, það er Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 181/2011 í greinargerð frumvarpsins.

Þar segir:

7)-Farþegaflutningar með hópþifreiðum skulu koma öllum almenningi til góða. Af þeim sökum skulu fatlaðir og hreyfihamlaðir einstaklingar, hvort sem hreyfihömlunin er af völdum fötlunar, aldurs eða annarra þátta, hafa sambærilega möguleika og aðrir borgarar á að nota hópþifreiðar. Fatlaðir og hreyfihamlaðir einstaklingar hafa sama rétt og allir aðrir borgarar til frjálsrar farar, valfrelsis og jafnræðis.

8) Í ljósi 9. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og í því skyni að gefa fötluðum og hreyfihömluðum einstaklingum sambærilega möguleika og öðrum borgurum til að ferðast með hópþifreiðum skal setja reglur um bann við mismunun og um aðstoð meðan á ferð þeirra stendur.

...

9) Þegar ákvörðun er tekin um hönnun nýrra miðstöðva og í tengslum við umfangsmikla endurnýjun skulu framkvæmdastjórnir miðstöðva leitast við að taka tillit til þarfa fatlaðra og hreyfihamlaðra einstaklinga í samræmi við kröfurnar um „hönnun fyrir alla“. Framkvæmdastjórnir miðstöðva skulu í öllum tilvikum tilgreina staði þar sem þessir einstaklingar geta látið vita af komu sinni og óskað eftir aðstoð.

10) Með sambærilegum hætti skulu flutningsaðilar taka tillit til þessara þarfa, þar sem því verður við komið, þegar teknar eru ákvarðanir um búnað í nýjum eða nýlega endurnýjuðum ökutækjum með fyrirvara um gildandi löggjöf eða framtíðarlöggjöf um tæknilegar kröfur varðandi hópþifreiðar.

11) Aðildarríki skulu leitast við að bæta núverandi grunnvirki, þar sem þess er þörf, til að gera flutningsaðilum kleift að tryggja aðgengi fyrir fatlaða og hreyfihamlaða einstaklinga og veita viðeigandi aðstoð.

Ljóst er að til að tryggja aðgengi allra að hópferðabifreiðum nægir ekki aðeins að setja aðeins þau lög sem hér um ræðir heldur verður að vinna málin lengra sérstaklega m.t.t þeirrar staðreyndar að nú er Ísland búið að fullgilda Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og verður að fara í einu og öllu eftir honum.

Lokaorð

Umgjörð utanum hópferðir og farþegaflutninga á Íslandi hefur lítið breyst frá upphafi vega og umgjörð í kringum ferðir hreyfihamlaðra í hópferðabifreiðum hafa alls ekkert breyst. Nú er virkilega kominn tími á breytingar

Virðingarfyllt,

f.h. Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra,



Bergur Þorri Benjamínsson,
formaður.



Þorsteinn Fr. Sigurðsson
framkvæmdastjóri.

Fylgiskjöl: Bréf Innanríkisráðuneytisins dags 17. febrúar 2014



INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Sjálfsbjörg, landssamband fatlaðra
Hátúni 12
105 Reykjavík

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is
innanrikisraduneyti.is

Reykjavík 17. desember 2014
Titiv.: IRR14020143/17.10

Efni: Aðgengi að almenningssamgöngum fyrir fatlaða milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar.

Með bréfi Sjálfsbjargar, dags. 13. febrúar 2014, er athygli ráðuneytisins vakin á erfiðleikum fatlaðs fólks við að ferðast með almenningssamgöngum milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Í erindinu segir að Sjálfsbjörg vilji vekja athygli innanríkisráðherra á að ekki sé möguleiki fyrir mikið hreyfihamlaða einstaklinga að taka hina svokölluðu flugrútu milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar og fer fram á að ráðherra samgöngumála sjái til þess að úr verði bætt.

Með bréfi, dags. 11. júlí 2014, óskaði ráðuneytið umsagnar Samgöngustofu, annars vegar og Vegagerðar, hins vegar, á málinu en stofnanirnar hafa aðskilin hlutverk samkvæmt lögum nr. 73/2001 um fólksflutninga og farmflutninga á landi. Umsögn Samgöngustofu barst með bréfi, dags. 29. júlí 2014. Kom þar fram að í 10. tl. 7. gr. laga nr. 119/2012 um Samgöngustofu, stjórnáslustofnun samgöngumála, væri stofnuninni veitt það verkefni að annast eftirlit með framkvæmd samninga um ríkisstyrktar almenningssamgöngur. Hins vegar væri í 7. gr. laga nr. 120/2012 um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, gert ráð fyrir því að uppbygging, umsjón og rekstur almenningssamgangna væri á ábyrgð Vegagerðar. Vísaði Samgöngustofa málinu þ.a.l. til Vegagerðar og taldi það sér óskilyt.

Umsögn Vegagerðar barst með bréfi, dags. 19. ágúst 2014. Kom þar fram að með lögum nr. 162/2011 um breytingu á lögum nr. 73/2001 um fólksflutninga og farmflutninga á landi hafi sveitarfélögum og samtökum þeirra verið heimilað að veita einkaleyfi til reglubundinna flutninga á tilteknum leiðum eða svæðum. Frá gildistöku þeirra laga hafi Vegagerðin gert samninga við landshlutasamtök sveitarfélaga um einkaleyfi á akstri á leiðum á milli viðkomandi sveitarfélaga sem og á leiðum sem tengja starfssvæði samtaka sveitarfélaga. Í samningum þessum væri ekki áskilnaður um flutning á hreyfihömluðum einstaklingum og væri Vegagerðinni ekki kunnugt um að slíkur áskilnaður væri gerður í samningum einkaleyfishafa (landshlutasamtaka sveitarfélaga) við sérleyfishafa. Vegagerðin hefði því engin tæk á að hafa afskipti af þeim farkosti sem sinnu þessari almenningssþjónustu.


Í 1. mgr. 4. gr. laga nr. 59/1992 um málefni fatlaðs fólks segir að sveitarfélög beri ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þjónustu við fatlað fólk, þ.m.t. gæðum þjónustunnar og kostnaði. Þá segir jafnframt í 1. mgr. 35. gr. laganna að sveitarfélög skuli gefa fötluðu fólki kost á ferðaþjónustu. Markmið ferðaþjónustu fatlaðs fólks sé að gera þeim sem ekki geti nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda. Þá segir í greinargerð með frumvarpinu að skyldur sveitarfélaga hvað ferðaþjónustu fatlaðra viðvikur taki til almennrar þjónustu við fatlaða, þ.e. ferða sem tengjast atvinnu, menningu, félagslífi og námi.

Í ljósi þess að skipulag almenningsgangna og ferðaþjónustu fatlaðra er í höndum sveitarfélaganna telur ráðuneytið rétt að sveitarfélag það sem fatlaður einstaklingur kys að búa í og á rétt á þjónustu frá, sbr. 5. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, taki afstöðu til þess með hvaða hætti það uppfyllir lögbundnar skyldur sínar hvað ferðaþjónustu fyrir fatlaða varðar. Ráðuneytið hefur hins vegar vakið athygli Sambands íslenskra sveitarfélaga á ábendingum yðar og sent því afrit af samskiptum þessum.

Að lokum er rétt að geta þess að í drögum að frumvarpi til laga til um farþegaflutninga á landi í atvinnuskyni er leitast við að uppfylla ákvæði EB-reglugerðar nr. 181/2011 um réttindi farþega í hópþjónu, og þannig greiða fyrir upptöku í EES-samninginn og innleiðingu hennar í íslenskan rétt. Gildir reglugerðin þegar áætluð vegalengd ferðar er 250 km eða meira. Vakin er athygli á því að áðurnefnd EB-reglugerð gerir ráð fyrir, í ljósi 9. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, og í því skyni að gefa fötluðum og hreyfihömluðum einstaklingum sambærilega möguleika og öðrum borgurum til að ferðast með hópþjónu, að settar séu reglur um bann við mismunun og um aðstoð meðan á ferð fatlaðra stendur. Ennfremur að fatlaðir einstaklingar eigi rétt á að ferðast með hópþjónu og að ekki megi neita þeim um flutning á grundvelli fötlunar þeirra eða hreyfihömlunar nema um sé að ræða rökstuddar ástæður er varða öryggi eða hönnun ökutækja eða grunnvirkis.

Beðist er velvirðingar á þeim tölum sem orðið hafa á afgreiðslu máls þessa.

Fyrir hönd innanríkisráðherra


Sigurbergur Björnsson


Marta Jónsdóttir

Ljósrit: Samband íslenskra sveitarfélaga
Pósthólf 8100
128 Reykjavík